

VESTURLAND

BLAÐ VESTFIRSKRA SJÁLFSTÆÐISMANNA

Kosningablað D-listans í Ísafjarðarbæ 2010, 86. árg.



**Af Festu
Til Framtíðar**

x D

Oddvitinn

Eiríkur Finnur Greipsson

„Það er sannfæring mín að hefja megi nýja sókn sem byggir á tækifærunum sem eru hér til staðar í ríkum mæli“

Sem nýjum oddvita sjálfstæðismanna í Ísafjarðarbæ er það mér mikil ánægja að fylgja úr hlaði kosningablaði okkar sjálfstæðismanna árið 2010. Hér kynnum við glæsilegan frambjóðendahóp og helstu stefnumál D-listans fyrir komandi kosningar, spjallað er við þau sem skipa með mér forystusveit listans ásamt því að minnt er á helstu verkefni sem sjálfstæðismenn hafa komið í framkvæmd á þessu kjörtímabili. Ég vil jafnframt nýta þetta tækifæri til að kynna sjálfan mig og helstu áherslur mínar til að lesendur fái gleggri mynd af því sem ég stend fyrir sem nýr oddviti. Þannig vonast ég til að kjósendur treysti mér og meðframbjóðendum mínum til góðra verka í komandi kosningum.

Tækifærin liggja víða

Ef lítið er í baksýnispeglinn hefur sumt þróast á síðri veg á Vestfjörðum en æskilegt er, einkum íbúafjöldinn. En það er sannfæring mín að hefja megi nýja sókn sem byggir á tækifærunum sem eru hér til staðar í ríkum mæli. Nú þurfum við að sýna Íslendingum hversu gott samfélag er hér fyrir vestan og efla skilning á þeim góðu búsetukostum sem hér eru.

Við eigum landsvæði sem sífellt verður eftirsóttara í augum umheimsins. Háskólasetur Vestfjarða er að eflast og ég mun leggja mikla áherslu á að þar verði í engu slegið



af. Við eigum að vera áfram í fararbroddi í fiskeldi og hlúa að vaxandi skelfiskrækt, skelfiskur virðist þrífast hér við góðar aðstæður og gæti veitt fjölda manns atvinnu ef rétt er á málum haldið.

Ferðabjónusta er sífellt að eflast og nýjar áherslur að koma fram, m.a. í sjósporti, fuglaskoðun og sjóstangveiði, sem fer ört vaxandi. Þá má ekki gleyma að Ísafjörður er þriðja stærsta viðkomuhöfn skemmtiferðaskipa á Íslandi, en hátt í 30.000 ferðamenn munu heimsækja Ísafjörð á slíkum skipum í sumar.

Festa og ábyrgð í rekstri

Ef fjárhagsstaða Ísafjarðarbæjar er borin saman við önnur sveitarfélög má sjá að núverandi meirihluti er að skila ágætu búi samanborið við mörg önnur sveitarfélög og sést þess ágætlega stað ef menn rýna í árbók sveitarfélaga. En betur má ef duga skal. Í dag koma 28% tekna bæjarsjóðs úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Fyrirsjáanlegt er að tekjur Jöfnunarsjóðs munu skerðast vegna minnkandi tekna ríkisins og versnandi stöðu stærstu sveitarfélaga. Það mun trúlega hafa áhrif á framlög sjóðsins til Ísafjarðarbæjar. Þetta ásamt ýmsu öðru, s.s. hækkandi vaxtastigi, kallar á áframhaldandi festu og ábyrgð í rekstri sveitarfélagsins.

Eigum að skila góðu búi til komandi kynslóða

Við búum í neyklusamfélagi sem skilar miklum úrgangi frá sér. Réttmæt krafa nútímans er að við förgun úrgangs sé náttúrunni sýnd virðing. Ég hefði gjarnan viljað eiga töfralausn í sorpmálum hér í bæ. Engan Funa og engan bruna - en í staðinn sæjum við endurnýtingu úrgangs og eingöngu urðun skaðlauss úrgangs. En að mörgu er að hyggja í þessum efnun og ljóst að það verður ekki bæði sleppt og haldið. Í þeirri endurskoðun sem nú stendur yfir á förgun og urðun sorps í sveitarfélaginu er brýnt að horfa langt fram á veginn. Lausnir sem byggja á umhverfis-sjónarmiðum eru mér mjög að skapi og það er trú mín að við munum



sjá talsverðar áherslubreytingar í þessum málaflokki í náninni framtíð -breytingar sem miða að því að skila góðu búi til komandi kynslóða.

Aukið íbúalýðræði

Krafa samtímans er um aukna þátttöku almennings í ákvörðunum hins opinbera. Eina leiðin til að byggja upp traust til stjórnmalamanna í er að opna stjórnsýsluna enn frekar og auka aðgengi íbúanna að upplýsingum og ákvörðunum sem þá varða.

Verðum að eyða óvissunni

Ég tel afar mikilvægt að óvissu

að veruleika. Ég biðla því til þín, kjósendi góður, um að veita mér og framboði Sjálfstæðisflokksins brautargengi í kosningunum 29. maí, næstkomandi til að gera Ísa-fjarðarbæ að draumabæ á sem flestum sviðum mannlífsins. Þá veit ég að hér mun byggðin dafna.

Eiríkur Finnur Greipsson, oddviti D-listans í Ísafjarðarbæ



í fiskveiðistjórnunarmálum verði eytt. Það skiptir okkur Vestfirðinga gríðarlega miklu máli að málefni sjávarútvegsins hljóti vandaða umfjöllun. Persónulega finnst mér umræðan því miður allt of oft einkennast af lýðskrumi. Kvótakerfið er ekki gallalaust, en að ráðast að hagsmunum útgerðar, sjómanna og fiskvinnslufólks með hótunum um algera uppstokkun í kerfinu er óásættanlegt að mínu mati. Við megum ekki gleyma því að Íslendingar hafa náð betri árangri í meðferð afla og aðgengi að dýrustu mörkuðum en nokkru sinni áður. Samhliða hefur slysum á sjó og við fiskvinnslu á Íslandi stórlega fækkað og eru þau mál sennilega í betra horfi en víðast hvar annarsstaðar í heiminum. Atvinnuöryggi sjómanna og fiskvinnslufólks verður að tryggja og því leggur D-listinn áherslu á að sáttanefnd um endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins ljúki störfum sem fyrst þannig að óvissu í málaflokki verði eytt.

Ég leita eftir stuðningi þínum

Ég á mér háleita drauma framþróun byggðar í Ísafjarðarbæ, en veit að draumar eru eitt og veruleiki annað. Ég vil þó vinna að því að láta drauma mína um gott og farsælt mannlíf hér rætast. Með því úrvalslíði sem skipar D-listann er ég viss um að unnt er láta drauma verða

Hver er maðurinn?

Ég er borinn og barnfæddur Flateyringur, sonur Greips Þ. Guðbjartssonar kaupmanns og Guðfinnu Hinriksdóttur. Kona mín er Guðlaug Auðunsdóttir og saman eigum við strákana Auðun Gunnar, Grétar Örn og Smára Snæ. Ég hef nær alla mína tíð búið á Flateyri. Gulla mín er Reykvíkingur að uppruna, en vill hvergi annarsstaðar vera en hér.

Ég var 14 ára þegar ég byrjaði að starfa fyrir Sjálfstæðis-flokkinn og hef tekið þátt í starfi hans, aðallega á vettvangi Vestfjarða, alla tíð síðan. Ég sat í hreppsnefnd Flateyrrarhrepps í 13 ár, lengst af sem oddviti, og starfaði á sama tíma hjá Hjálmi hf. Ég tók við starfi framkvæmdastjóra FV árið 1995 og hóf síðan störf hjá Sparisjóðunum um tveimur árum síðar, þar sem ég starfaði til sumarloka 2008. Ég hef gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum í félagsmálum í gegnum tíðina. Fyrir 13 árum tók ég við formennsku í Hrafnsseyarnefnd og gegni henni enn. Í dag starfa ég sem framkvæmdastjóri innréttingafyrirtækisins TH ehf. á Ísafirði.

VESTURLAND
RÁÐ VESTFIRSKRA SJÁLFSTÆÐISMANNNA

Kosningablað vegna sveitarstjórnarkosninga í Ísafjarðarbæ gefið út í maí 2010 - 86 árg.

Útgefandi: Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Ísafjarðarbæ

Ábyrgðarmaður: Ingólfur Þorleifsson

Ritstjóri: Birna Lárusdóttir

Ritstjórn: Kristján Torfi Einarsson, María Rut Kristinsdóttir og Úlfar Ágústsson.

Umbrot: Grétar Örn Eiríksson

Ljósmyndir: Halldór Sveinbjörnsson, Páll Öndarson og fleiri

Prentun: H - prent, Ísafirði

Til að kynna frambjóðendur D-listans í efstu sætum lagði Vesturland þessar spurningar fyrir frambjóðendur:

1. Hver er uppruni þinn?
2. Hvað ætlaðirðu að verða þegar þú yrðir stór?
3. Hve lengi hefurðu búið í Ísafjarðarbæ og af hverju?
4. Helstu kostir þínir og gallar?
5. Fjölskylduhagir og áhugamál?
6. Hvers vegna pólitík?
7. Hvaða bæjarmál brenna heitast á þér?
8. Hvers vegna Sjálfstæðisflokkinn í bæjarstjórn?
9. Stutt skilaboð til kjósenda?

Gísli Halldór Halldórsson

2. sæti



1. Ég er fæddur og uppalinn á Ísafirði, sonur hjónanna Katrínar Gísladóttur og Halldórs Hermannssonar.
2. Þegar ég var lítil ætlaði ég að verða vísindamaður og voru fræðsluþættir í miklu uppáhaldi. Af einhverjum ástæðum hafnaði ég samt í fjármálum og síðar í stjórnmálum.
3. Við fjölskyldan höfum búið á Ísafirði frá því ég að lauk viðskiptafræði frá HÍ 1991. Auk þess að vera forseti bæjarstjórnar starfa ég sem fjármálastjóri í Menntaskólanum á Ísafirði og lauk nú í vetur meistaranámi í Haf- og strandsvæðastjórnun við Háskólasetur Vestfjarða.
4. Minn helsti kostur er einurð og staðfesta, þrjúskka og þolinmæði. Ég held reyndar að þessir eiginleikar geti líka verið mínir helstu gallar þegar svo ber undir.
5. Ég er kvæntur Gerði Eðvarsdóttur og eigum við þrjú börn, Erling Fannar, Katrínu Maríu og Tómas Ara. Ljósmyndun og skotveiðar eru helstu áhugamálin og tengjast auðvitað mögnuðu umhverfi Ísafjarðarbæjar.
6. Þegar ég gaf kost á mér sem bæjarfulltrúi fyrir fjórum árum var það vegna þess að ég taldi mér skylt að bjóða fram krafta mína í þágu samfélagsins.
7. Það sem helst brennur á mér í málefnum sveitarfélagsins eru sorpmálin en þar er mikilvægt að finna hagkvæma og nútímalega lausn. Þar tel ég aðrar leiðir happadrygri en endurnýjun brennsluofns í Funa. Málefni eldri borgara eru mér líka hugleikin en ég hef unnið talsvert í þeim málaflokk. Hjúkrunarheimili, bætt þjónusta og aukin úrræði fyrir eldri borgara í daglegu lífi eru áriðandi viðfangsefni. Draumaverkefnið er að koma upp varnargörðum og skemmtibátahöfn við Pollinn. Það myndi setja svip á bæinn ásamt því að verja Pollgötuna gegn ágangi sjávar.
8. Það er rík ástæða fyrir kjósendur að velja lista sjálfstæðismanna til áhrifa í Ísafjarðarbæ. Við sjálfstæðismenn höfum sýnt að við viljum að unnið sé faglega og fumulaut að framgangi mála í bæjarfélaginu. Samstarfið við HSV og vinna við nýsamþykkt aðalskipulag eru dæmi um þessi vinnubrögð.
9. Bæjarbúum er nauðsyn að nýta þá miklu reynslu og þekkingu sem við sjálfstæðismenn höfum að bjóða. Bæjarmálunum þarf að sinna af fullri alvöru.



3. sæti



Guðfinna M. Hreiðarsdóttir

1. Ég er fædd í Reykjavík 3. apríl 1966 og eru foreldrar mínir Hreiðar Eyjólfsson og Elsa Einarisdóttir. Fyrstu árin mín bjó fjölskyldan í Reykjavík en aðallega er ég þó alin upp á Suðurnesjum, m.a. á Vatnsleysuströnd og í Höfnum.
2. Um leið og ég lærði að lesa varð ég mikill bókaormur og var lengi ákveðin í að verða rithöfundur.
3. Ég flutti ásamt fjölskyldunni til Ísafjarðar haustið 1996. Eiginmaðurinn er úr Djúpinu og langaði alltaf flytja vestur, þannig að þegar tækifærið bauðst gripum við það og höfum búið hér síðan.
4. Er langrækinn þverhaus með lélegan hómur, annars bara þægileg í umgengni, held ég.
5. Ég er gift Halldóri Halldórssyni frá Ögri og við eigum þrjú börn, Hreiðar Inga 19 ára, Maríu Sigríði 18 ára og Hákon Ara 13 ára. Sagnfræðin er mitt helsta áhugamál en einnig hef ég áhuga á hreyfingu og útivist þar sem skíðaganga er í sérstöku uppáhaldi.
6. Ég hef fylgst með og haft áhuga á bæjarmálunum allt frá því að Halldór, maðurinn minn, tók við starfi bæjarstjóra árið 1998. Ég er ánægð með að hafa fengið tækifæri til að taka beinan þátt í þessu starfi og hafa áhrif á uppbyggingu bæjarfélagsins.
7. Mér finnst umhverfis- og skipulagsmál mjög áhugaverður málaflokkur þar sem margt er að gerast með nýjum hugmyndum og breyttum viðhorfum varðandi umhverfismál og verndun menningarmínja, t.d. gamalla húsa.
8. Það er mikil ábyrgð að fara með almannafé. Sjálfstæðisflokkurinn í Ísafjarðarbæ hefur sýnt að hann er traustsins verður og hefur haldið vel utan um fjármál bæjarins.
9. Frá 1998 hefur Sjálfstæðisflokkurinn lagt áherslu á pólitískan stöðugleika sem þýðir að bæjarfulltrúar hafa haft starfsfrið til að vinna að uppbyggingu bæjarfélagsins. Höldum áfram á sömu braut og setjum X við D-listann í kosningunum 29. maí nk.



Framboðslisti sjálfstæðisman



1. sæti

Eiríkur Finnur Greipsson
56 ára
Framkvæmdastjóri

x D



2. sæti

Gísli Halldór Halldórsson
44 ára
Fjármálastjóri

x D



3. sæti

Guðfinna M. Hreiðarsdóttir
44 ára
Sagnfræðingur

x D



4. sæti

Kristín Hálfðánsdóttir
53 ára
Rekstrarstjóri

x D



5. sæti

Margrét Halldórsdóttir
40 ára
Íþrótt- og tómstundafulltrúi

x D



6. sæti

Guðný Stefania Stefánsdóttir
33 ára
Íþróttakennari

x D



7. sæti

Steinþór Bragason
40 ára
Tæknifræðingur

x D



8. sæti

Halldór Halldórsson
45 ára
Bæjarstjóri

x D



9. sæti

Ingólfur Þorleifsson
37 ára
Vélstjóri

x D

Fjármál og stjórnáslá

- Við stöndum fyrir áframhaldandi traustri og ábyrgri fjármálastjórn bæjarsjóðs og undirstofnana.
- Við leggjum áherslu á opna og lýðræðislega stjórnáslá.
- Hagræðingaraðgerðir í rekstri bæjarsjóðs verða unnar í samráði við íbúa og atvinnulíf.
- Við ætlum að tryggja gott aðgengi almennings að starfsmönnum og bæjarfulltrúum.

Málefni eldri borgara

- Við leggjum allt kapp á að framkvæmdir við hjúkrunarheimili á Ísafirði hefjist á næsta ári.
- Öflug heimaþjónusta fyrir aldraða verður tryggð.
- Áfram verður stutt við metnaðarfullar fyrirætlanir um dagvist og félagsstarf aldraða.
- Afsláttur af fasteignagjöldum verður áfram veittur 67 ára og eldri.

Umhverfis- og skipulagsmál

- Áhersla verður lögð á framtíðarlausn í sorpmálum í Ísafjarðarbæ og lagt kapp á hagkvæma og umhverfisvæna hirðingu og förgun sorps.
- Átak verður gert í flokkun sorps með öflugri upplýsingagjöf og aðgengilegum leiðbeiningum.
- Aðstaða til útivistar verður bætt enn frekar með lagningu nýrra göngustíga.
- Mótuð verði stefna til framtíðar varðandi varðveislu gamalla húsa og götmynda í öllum byggðarkjörnum Ísafjarðarbæjar.

Íþróttir og tómstundir

- Áfram verður unnið að uppbyggingu íþróttastarfs undir forystu HSV og lögð áhersla á endurnýjun samstarfssamnings bæjarins við sambandið.
- Lögð verður áhersla á að kynna íþróttastöðu sveitarfélagsins og hvetja til almennrar þátttöku íbúa í hollri hreyfingu og tómstundum.
- Við viljum skapa framtíðarsýn í uppbyggingu íþróttastarfs og mannvirkja þar sem horft er til alls svæðins, þvert á sveitarfélagamörk í samstarfi við HSV.

Málefni fatlaðra

- Allir eiga að geta valið sér búsetuform í samræmi við óskir og þarfir. Fötludum skal tryggð þjónusta og stuðningur til sjálfstæðis í samfélaginu.
- Gangna skal skipulega til verks í stjórnáslánni til að tryggja hnökralausa yfirferð málefna fatlaðra, bæði fyrir starfsfólk og þjónustuþega.
- Unnið verður að úrbótum í ferlimálum fatlaðra á grundvelli heildarúttektar á mannvirkjum og umhverfi bæjarins.

Stiklað á stóru í stefnuskrá D-listans
Stefnuskrána í heild sinni má nálgast á heimasíðu okkar
isafjardarbaer.xd.is

na í Ísafjarðarbæ 2010 - 2014



10. sæti

Hlynur Kristjánsson

28 ára

Smiður

× D



11. sæti

Steinar Jónasson

43 ára

Stöðvarstjóri

× D



12. sæti

Hafdís Gunnarsdóttir

29 ára

Kennari

× D



13. sæti

Róbert Hafsteinsson

35 ára

Verkefnastjóri

× D



14. sæti

María Hrönn Valberg

33 ára

Kennari

× D



15. sæti

Sturla Páll Sturluson

51 árs

Tollvörður

× D



16. sæti

Anna Marzellíusardóttir

19 ára

Nemi

× D



17. sæti

Birna Lárusdóttir

44 ára

Fjölmiðlafræðingur

× D



18. sæti

Geirprúður Charlesdóttir

78 ára

Fyrirv. aðalgjaldkeri

× D

Jafnréttismál

- Við leggjum kapp á innleiðingu Evrópusáttmálans um jafnrétti.
- Við viljum að fólk af báðum kynjum og öllum þjóðfélagshópum eigi jafnan aðgang að því sem í boði er í sveitarfélaginu, s.s. tómstundum og íþróttastarfi.
- Stefnumótun þarf að taka mið af því að einstaklingar gjaldi ekki fyrir kynferði sitt eða uppruna. Greiða þarf aðgengi þeirra sem hallað hefur á.
- Sjálfstæðismenn leggja áherslu á jafnt hlutfall karla og kvenna í stjórnum, nefndum og ráðum.

Skóla- og fjölskyldumál

- Velferð barnanna er forgangsverkefni sjálfstæðismanna.
- Við viljum að grunnskólar Ísafjarðarbæjar séu til fyrirmyndar á landsvísu.
- Áfram verður unnið að uppbyggingu skólalóða og leikvalla.
- Forvarnir í gegnum íþrótt- og tómstundastarf verða í fyrirrúmi.
- Gjaldfrjálst verður í strætó fyrir grunnskólabörn.

Atvinnu- og menningarmál

- Við viljum standa vörð um undirstöðuatvinnuvegina, sjávarútveg, landbúnað og iðnað.
- Áfram verður stutt við uppbyggingu Þróunarseturs og Háskólaseturs Vestfjarða og staðinn vörður um þá mikilvægu starfsemi sem þar fer fram.
- Áfram verður kallað eftir aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins til að bæta stöðu framleiðslu- og iðnfyrirtækja vegna flutningskostnaðar.
- Þrýst verður á ríkisvaldið um að auka fé og stuðning við fiskeldi og aðra nýsköpun.
- Markvisst verður unnið að markaðssetningu Ísafjarðarbæjar sem spennandi áfangastaðar fyrir ferðafólk allan ársins hring.

Samgöngumál

- Tryggja verður öruggar heilsárssamgöngur við suðursvæði Vestfjarða, m.a. með jarðgöngum.
- Við krefjumst þess að snjómokstur á þjóðvegum verði aftur tryggður sjö daga vikunnar.
- Við viljum fá aðstöðu fyrir millilandaflug minni véla á Ísafjarðarflugvelli á nýjan leik, s.s. Grænlandsflug.
- Við viljum hringtengingar ljósleiðara og rafmagns.



Kristín Hálfdánsdóttir


1. Ég er fædd á Hóli í Bolungarvík, dóttir hjónanna Hallfríðar Jónsdóttur og Hálfdáns Örnólfssonar.
2. Ég ætlaði í Verslunarskólann í Reykjavík til að læra viðskipti. Oft ímyndaði ég mér að litla skólataskan mín geymdi mikilvæg skjöl.
3. Má ekki segja að maður vilji vera þar sem manni líður vel? Hér eru mínir bestu vinir og stór hluti fjölskyldunnar. Ég hef reyndar búið erlendis tvisvar á rúmlega þrjátíu árum en hér er ég nú, fullkomlega sátt við mitt.
4. Ég á auðvelt með að umgangast fólk og er mikil félagsvera. Ég stend fast á mínu og reyni að skila hlutverki mínu vel. Helsti gallinn er að ég ætlast til að aðrir geri það líka og get því oft verið nokkuð kröfuhörð.
5. Ég er gift Gunnari Þórðarsyni og eigum við þrjú börn, Jón, Hafðísi og Gunnar Atla, tengdabörn og þrjá yndislega ömmustráka. Lífið gengur út á að rækta fjölskylduna og vinina ásamt því að huga að heilsunni með iðkun íþróttá, hlaupa, synda og fara í gönguferðir. Einnig á ég minn sælureit í Tunguskógi sem er sumarhúsið Birkilaut, þar sem ég nýt nálægðar við náttúruna í góðum félagskap.
6. Lífið er pólitík og ég get ekki annað en látið mig hana varða til að leggja mitt af mörkum við að bæta það umhverfi sem ég lífi og hrærist í.
7. Mér eru umhverfismálin afskaplega hugleikin ásamt því að bæta stjórnsýslu Ísafjarðarbæjar.
8. Sjálfstæðisflokkurinn býður fram traust og öflugt fólk sem hefur frelsi einstaklingsins til afhafna að leiðarljósi.
9. Felið traustu og samstíga fólki framtíð Ísafjarðarbæjar!



Margrét Halldórsdóttir



1. Ég kom í heiminn á gamla sjúkrahúsinu á Ísafirði 20. ágúst 1969. Foreldrar mínir, Steinunn S. L. Annasdóttir og Halldór Benediktsson, voru hinsvegar búsett í Bolungarvík og þar ólst ég upp með fjórum systkinum.
2. Ýmislegt kom til greina. Lengi ætlaði ég að verða íþróttakennari en svo spáði ég líka í leikarann og á einhverjum tímamarki langaði mig að verða læknir enda var ég tíður gestur á slyssavarðstofnunni.
3. Ég hef búið í Ísafjarðarbæ í 17 ár. Ég giftist Hnífsdælingnum Jóni Arnari Hinrikssyni 1992 og sama ár réði hann sig á togarann Pál Pálsson og lá þá beinast við að flytja í sveitarfélagið. Ég hef ekki séð eftir því - hér er gott að búa og gott að ala upp börn.
4. Ég er jákvæð og á auðvelt með að vinna með fólki. Þá er ég mjög skipulögð sem stundum fer út í smámunasemi. Ég get verið þrjósök og þver en tel mig hinsvegar vera fylgna mér og ákveðna - ég læt ekki vaða yfir mig.
5. Jón Arnar og ég eigum tvö börn, Elínu 18 ára og Hinrik Elís 16 ára. Áhugamál mín tengjast helst íþróttum, útivist og fjölskyldunni og best er þegar hægt er að sameina þetta allt. Fjölskyldan fer mikið saman á skíði og svo er reiðhjólíð í uppáhaldi hjá mér. Veröldin norðan Djúps á líka hug minn og við dveljum oft í sumarhúsi tengdajölskyldunnar í Aðalvík. Ég hef gaman af að vera með fólki, samt svolitill einfari í eðli mínu. Ég hef gaman af félagsstörfum og hef setið í ýmsum stjórnnum og nefndum nánast síðan ég var unglingur.
6. Ég tel mig hafa margt fram að færa til samfélagsins og vil láta gott af mér leiða. Stjórn málin hafa blundað í mér í nokkur ár en ég var ekki tilbúin til að gefa mig í þau fyrr en nú þar sem börnin eru komin vel á legg.
7. Hugur minn er hjá börnunum í sveitarfélaginu og öllu því sem þeim við kemur. Ég vil veg íþróttahreyfingarinnar sem mestan því þar er unnið gríðarlegt forvarnastarf. Ég vil að aftur verði frítt fyrir grunnskólabörn í strætó. Sorpmálin eru mér einnig hugleikin en ég held að við verðum að reyna að lifa í eins mikilli sátt við náttúruna í þeim efnun og mögulegt er.
8. Hér hefur ríkt stöðugleiki og friður undir stjórn Sjálfstæðisflokksins. D-listinn er skipaður flottu fólki með mikla reynslu úr ólíkum geirum.
9. Sveitarfélagið og fólkið sem hér býr er mér kært og því vil ég að áfram verði gott að búa í Ísafjarðarbæ.



Verkin tala sínu máli

Við leggjum okkur fram fyrir íbúa Ísafjarðarbæjar



Hafnir

Miklu fjármagni hefur verið varið til hafnarfrankvæmda á kjörtímabilinu. Helstu framkvæmdir eru Ásgeirsbakki og Mávagarður, flötbyggja á Flateyri, dýpkun hafnar á Suðureyri ásamt dýpkun og betrubótum á hafnarmannvirkjum á Þingeyri.




Sparkvellir

Sex nýir sparkvellir hafa verið gerðir í Ísafjarðarbæ í samvinnu við KSÍ og voru fimm þeirra formlega vígðir í september 2008. Þeir eru að langstærstum hluta kostaðir af sveitarfélaginu. Vellirnir eru í Holtahverfi og Hnífsdal, á Þingeyri, Suðureyri, Flateyri og við Grunnskólann á Ísafirði.



Grunnskólinn á Ísafirði

Lokið var við byggingu verkgreinahúss við Grunnskólann á Ísafirði. Þetta stórverkefni var sett í forgang þegar ljóst var, í upphafi ársins 2008, að tregt yrði um lánsfé.



Aðalskipulag

Nýtt aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 2. febrúar 2010. Fagleg og lýðræðisleg vinnubrögð við aðalskipulagsvinnuna og vandað aðalskipulag hefur vakið verðskuldaða athygli.

Almennar framkvæmdir fyrir milljarð

Þrátt fyrir lánsfjárræpu og erfiðar aðstæður hefur meira en **einum milljarði** verið varið í nýframkvæmdir og viðhald á kjörtímabilinu. Gatnamál, fráveita, vatnsveita, hafnargerð, sjóvarnir, snjóflóðavarnir, skólamál, félagsmál, íþróttir og sorpmál eru allt málaflokkar sem unnið hefur verið að innan þess þrönga stakks sem sveitarfélaginu er sniðinn.



Leikvellir

Lokið var við gerð glæsilegra leikvalla við leikskólann Laufás og Grunnskólann á Þingeyri. Vel var vandað til verka við hönnun og gerð þessara leikvalla og þykja þeir til mikillar fyrirmyndar.



Gömul hús

Umtalsverð vinna hefur verið lögð í viðhald gamalla húsa og fegrun umhverfis þeirra. Þarna má nefna Salthúsið á Þingeyri, Faktors-húsið og lóð í Neðstakaupstað, Safnahúsið í Neðsta ásamt lóð Edinborgarhússins.



Af festu til framtíðar

Það er aldrei mikilvægara en í úfnum sjó að hafa góða kjölfestu. Sjálfstæðismenn í Ísafjarðarbæ hafa sýnt að þeir leggja áherslu á flumlaus vinnubrögð – slík vinnubrögð leggja grunn að traustri framtíð.



Þúttvöllur

Nýr þúttvöllur var vígður á grasbalanum framan við Hlíf á Ísafirði sumarið 2008. Félag eldri borgara hafði knúið á um gerð vallarins og er það gleðiefni að hann skuli orðinn að veruleika.



Skíðasvæði

Undanfarin ár hefur verið unnið að uppbyggingu skíðasvæðanna tveggja enda eru þau orðin vel upplýst og glæsileg. Fjórðingur var í nýjum og öflugum snjótroðara.

Göngustígar

Vinna er hafin við gerð göngustígs frá Króknum á Ísafirði út í Hnífsdal. Göngustígar sem byggðir hafa verið upp í sveitarfélaginu á undanföllum árum njóta mikilla vinsælda og hafa sannað gildi sitt.



Tjaldsvæðið Tungudal

Í sumar verður ráðist í verulegar endurbætur á tjaldsvæðinu í Tungudal, bæði fyrir tjöld og fellihýsi, enda fyrirséð að gestakomur verði miklar á svæðið ef marka má aðsókn síðasta sumars.